



**ORKUSTOFNUN**

**Áætlum um aurburðarrannsóknir fyrir  
Vegagerð ríkisins 1997**

**Svanur Pálsson**

**Greinargerð SvP-97-06**

5. mars 1997

## Áætlun um aurburðarrannsóknir fyrir Vegagerð ríkisins 1997

1. Sýnataka og mælingar á svifaur í sýnum úr Skeiðará, Gígjukvísl og Súlu á mánaðar fresti, alls 36 sýni. Kostnaður yrði kr. 20.000 á sýni eða alls kr. 720.000.
2. Sýnataka og mælingar á svifaur í sýnum úr Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi 8 sýni úr hvorri á og 6 sýni úr Leirá, alls 22 sýni. Kostnaður yrði kr. 20.000 á sýni eða alls kr. 440.000. Orkustofnun hefur tekið sýni úr Múlakvísl og Jökulsá og mælt svifaur nokkrum sinnum á ári síðan 1973, alls hátt í 300 sýni úr hvorri á. Þar sem þær rannsóknir flokkast ekki undir virkjanarrannsóknir, getur stofnunin ekki kostað þær lengur. Úr Leirá hafa aðeins örfá sýni verið tekin, en þar sem hlaup koma í hana, er æskilegt að fylgst sé með henni.
3. Sýnataka og mælingar á svifaur í sýnum úr Skaftá og Ása-Eldvatni, ef hlaup kemur á árinu. Í heild yrðu tekin 20 sýni og yrði kostnaður kr. 20.000 á sýni eða alls kr. 400.000. Vegagerð ríkisins kæmi til með að kosta þennan lið að hálfu á mótí Orkumálasviði Orkustofnunar, svo að kostnaður Vegagerðar ríkisins yrðu þá kr. 200.000.

Kostnaður Vegagerðar ríkisins við þær rannsóknir, sem hér hafa verið taldar, yrði þessi:

Skeiðarársandur	kr.	720.000
Mýrdalssandur	"	440.000
Skaftá	"	200.000
Samtals	"	1.360.000

